

Sp. 457. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]
um landfundi Íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson,
Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.

Greinargerð.

Að undanfögnu hefur allmikið verið rætt í erlendum blöðum um landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld í tilefni af rannsóknum einstakra áhugamanna á því sviði. Hér er um mál að ræða, sem eðlilegt er að Íslendingar láti sig miklu varða. Jafnframt virðist það eðlileg framkvæmd slíkra rannsókna, að leitað sé samstarfs við stjórnarvöld þeirra landa, sem hér eiga hlut að máli.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en afgreiðslu hennar þá frestað vegna tilmæla menntamálaráðherra. Tilmæli hans voru byggð á því, að Íslendingar mundu taka þátt í væntanlegum leiðangri Helge Ingstads til Nýfundnaland, og væri rétt að bíða átekta, unz séð yrði, hver niðurstaða hans yrði. Sá leiðangur virðist hafa upplýst, að norrænir menn hafa dvalizt eitthvað á Nýfundnalandi fyrr á öldum, en eigi getur þó þar verið um Vinland að ræða, og verður að leita þess sunnar. Af þeim ástæðum er því tillaga þessi flutt að nýju, enda má segja, að það sé aukin hvatning til frekari rannsókna í þessum efnum, að fundizt hafa minjar um norræna búsetu á Nýfundnalandi.